



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 5. október 2009

Ákvörðun nr. 34/2009

Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.

I.

Málsmeðferð og málavextir

Þann 24. júní 2009 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning á samruna frá eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. (hér eftir Vestia) vegna yfirtöku félagsins á Teymi hf. (hér eftir Teymi). Eignarhaldsfélagið Vestia er að fullu í eigu NBI hf. sem er viðskiptabanki í eigu íslenska ríkisins. Með tilkynningu þessari fylgdi samrunaskrá í samræmi við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Með samrunaskrá fylgdi bréf frá samrunaaðilum þar sem óskað var eftir undanþágu frá banni við að framkvæma samruna meðan á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins stendur. Samkeppniseftirlitið taldi lagaskilyrði fyrir slíkri undanþágu uppfyllt og veitti hana með bréfi frá 25. júní 2009.

Með bréfi dags. 15. júlí s.l. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til þess að rannsaka áhrif samrunans frekar.

II.

Samruni

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverskonar aðgerðum samruni getur falist.

Samruninn átti sér stað með þeim hætti að Teymi gerði nauðasamninga við lánardrottna félagsins sem staðfestir voru af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 23. júní 2009. Fram kemur í samrunaskrá að nauðasamningurinn hafi falið í sér eftirfarandi ráðstafanir:

- „1. Óveðtryggðum skuldum Teymis hf. verður breytt í hlutafé í félaginu*
- 2. Skuldbindingum dótturfélaga, sem njóta meðábyrgðar móðurfélags, verða færðar til móðurfélags.*
- 3. Kröfur á dótturfélög sem njóta veðtryggingar verða að hluta færðar upp til móðurfélags og fjárhæðir slíkra krafna stilltar af miðað við skuldapol/greiðslugetu, líkt og lýst er í fylgiriti nauðasamnings, og þeim skilmálabreytt.*
- 4. Skuldbindingar milli félaga innan samstæðunnar verða gerðar upp.“*



Í kjölfar nauðasamninganna eignaðist Vestia 57% hlutafjár í Teymi en næst stærsti hluthafinn er Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf. með tæplega 8% hlut og það sem eftir stendur er í eigu annarra kröfuhafa. Fram kemur í samrunaskrá að NBI hafi verið stærsti kröfuhafi Teymissamstæðunnar og að samruninn sé liður í fullnustu þessara krafna NBI á hendur Teymi. Sagt er að til standi að selja eignarhlutinn í Teymi eins fljótt og hægt er með hliðsjón af ástandi fjármálamarkaða.

Samkeppniseftirlitið telur að með framangreindu hafi NBI/Vestia náð yfirráðum yfir Teymi og um sé að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

III. Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti getur stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Í 17. gr. f. samkeppnislaga er veitt heimild til þess að gera sátt við fyrirtæki ef um er að ræða samruna sem raskar samkeppni.

1.

Teymi er eignarhaldsfélag á sviði fjarskipta og upplýsingatækni. Eignarhaldsfélagið á átta dótturfélög og eitt dótturdótturfélag skv. samrunaskrá. Dótturfélögin eru:

- Og fjarskipti ehf.
- Skýrr ehf.
- Kögur ehf.
- Landsteinar Strengur ehf.
- Eskill ehf.
- Hugur/Ax ehf.
- EJS ehf.
- IP-fjarskipti ehf. (Tal)

Þá er dótturdótturfélagið P/F Kall í Færeyjum í eigu Og fjarskipta.

Og fjarskipti og Tal starfa á fjarskiptamarkaðnum. Eins og fram kemur í fyrri úrlausnum samkeppnisyrivalda á því sviði er þeim markaði skipt upp í ýmsa undirmarkaði, t.d. markað fyrir talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og Internetþjónustu, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 2/2009 *Meint brot Símans hf. með tilboði í 3G netlykil og áskrift*. Landfræðilegi markaðurinn telst að öllu jöfnu Ísland.

Skýrr og önnur tilgreind félög starfa á heildarmarkaði fyrir upplýsingatækni. Markaðir fyrir þá starfsemi hafa nánar verið skilgreindir í m.a. ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 36 og 37/2006.

NBI eigandi Vestia er viðskiptabanki sem starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun 50/2008 *Samruni SPRON og Kaupþings* er að finna ítarlega skoðun á viðskiptabankamarkaði. Í þeirri



Ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjú viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu til einstaklinga og smærri fyrirtækja. Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2009.

NBI/Vestia og Teymi eru ekki keppinautar né er um að ræða lóðréttan samruna milli þessara fyrirtækja. Því er ekki um það að ræða að starfsemi þessara fyrirtækja skarist með beinum hætti. Þá fær Samkeppniseftirlitið ekki heldur séð að skaðleg samsteypuáhrif geti leitt af samrunanum, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/2009 *ERGN Holdings Ltd. og Euro Refund Group North á Íslandi ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samhengisins vegna er rétt að taka fram að ákveðnar reglur og skilyrði gilda um eignarhlut Teymis í Tal, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og 27/2009. Miða þessar ákvarðanir að því að vernda samkeppnislegt sjálfstæði Tals og hefur Teymi skuldbundið sig til þess að selja eignarhlut sinn í Tal.

2.

Samkeppniseftirlitinu hafa borist ábendingar þar sem því er í aðalatriðum haldið fram að fjárhagsleg endurskipulagning Teymis og lækking skulda félagsins sem leiðir af umræddum nauðasamningum raski samkeppni.

Í máli þessu liggur fyrir að Teymi stóð frammi fyrir alvarlegum fjárhagslegum erfiðleikum. Án aðgerða hefði það leitt til gjaldþrots, sbr. upplýsingar sem fram koma í samrunatilkynningu. Þess í stað var gerður nauðsamningur og í honum felst að lánardrottinnar telja hag sínum best borgið með því að Teymi og tengd félög starfi áfram svo unnt sé að selja þau síðar. Til þess að stuðla að þessu var gripið til aðgerða sem lánardrottinnar telja nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi starfsemi og verðmæti þessara félaga. Í þessu felst einnig að fyrrum eigendur Teymis tapa að öllu leyti eign sinni í félaginu og er því ekki um það að ræða að þeim sé hyglt með óeðlilegum hætti. Afleiðing þessara ráðstafana er m.a. sú að Og fjarskipti starfa áfram á markaðnum í samkeppni við t.d. Símann.

Eins og að framan greinir telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Það ákvæði veitir að mati Samkeppniseftirlitsins ekki sjálfstæða heimild til að leggja mat á það hvort að lánardrottinnar Teymis hafi lækkað skuldir félagsins óeðlilega mikið í tengslum við framangreinda endurskipulagningu. Kemur það atriði því ekki til skoðunar í þessu máli.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til að hafast frekar að vegna samruna Vestia ehf. og Teymis hf.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson